



Fundargerð

Fundur í mennta og menningarmálanefndar Reykhólahrepps
Fimmtudaginn 31. mars 2010, kl. 16:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Eiríkur Kristjánsson, Karl Kristjánsson, Ingvar Samúelsson, Ásta Sjöfn Krisjánsdóttir staðgengill skólastjóra, Björg Karlsdóttir leikskólastjóri, Steinunn Rasmus fyrir hönd kennara Reykhólaskóla. Ebba Gunnarsdóttir frá foreldrafélagi Reykhólaskóla, Katla Tryggvadóttir frá foreldrafélagi Hólabæjar og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Eiríkur bauð fólk velkomið og var þá gengið til dagskrár. Eiríkur leitaði afbrigða að taka 3 mál á dagskrá undir önnur mál, var það samþykkt. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð fundar í mennta og menningarmálanefnd 11. janúar 2010.

Fundargerð lögð fram

2. Erindisbréf nefndarinnar

Tillaga sveitarstjóra að erindisbréfi fyrir nefndina.

Lagt fram fyrir nefndina til frekari vinnslu.

3. Barmahlíðardagurinn, sumardaginn fyrsta.

Tillaga skrifstofu að dagskrá fyrir Barmahlíðardaginn að ósk formanns nefndarinnar.

Lagt fram, nefndinni lýst vel á tillögunu.

4. Námskeið fyrir skólanefndir á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Eiríkur Kristjánsson, Ingvar Samúelsson og Karl Kristjánsson sækja námskeiðið.

5. Skýrsla um starf í leikskólum þar sem sjónum er beint að markvissu starfi tengdu málörvun og þróun lestrarnáms.

Erindi frá Mennta og menningarmálaráðuneyti dagsett 8. mars 2011.

Björgu Karlsdóttur falið að skoða málið fyrir hönd leikskólans.

6. Reykhóladagurinn 2011.

Verðandi ferðamálafulltrúi hefur tekið að sér að halda utan um dagskrá Reykhóladagsins. Tekin var ákvörðun um það að hafa Reykhóladaginn fyrr í ágústmánuði eða 4. -6. ágúst. Sveitarstjóri fór yfir dagskrá sem þegar liggur fyrir. Nefndin lýsti ánægðu sinni með það sem komið er.

Mál til kynningar:

7. Um úrlausn erfiðra ágreiningsmála sem upp koma í starfi grunnskólans.

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 27. janúar 2011

Lagt fram.

8. Gangur mála á safni.

Skýrsla frá Hjalta Hafþórssyni vegna vinnu við uppsetningu á hlunninda og bátasýningu dagsett 10. mars 2011.

Lagt fram.

9. Framkvæmd æskulýðsrannsóknanna Ungt fólk 2011 – 2016.

Erindi frá mennta og menningarmálaráðuneyti dagsett 20. janúar 2011 vísað til kynningar í nefndinni á 322. fundi hreppsnefndar

Lagt fram.

10. Kynningarbréf með bæklingi um Skólavog.

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 14. febrúar 2011 vísað til kynningar í nefndinni á 322. fundi hreppsnefndar.

Lagt fram.

11. Hlutverk sérfræðipjónustu skóla við mat á þörf fyrir aðstoð o.fl.

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 24. mars 2011.

Lagt fram

Önnur mál (ef einhver):

12. Tilkynning skólastjóra Reykhólaskóla um launalaust leyfi Svanborgar Guðbjörnsdóttur skólaárið 2011 – 2012.

Lagt fram.

13. Hugmynd skólastjóra Reykhólaskóla um að haldinn verði fundur með nemendum, foreldrum og starfsfólki skólanna í tengslum við vinnu á gerð skólastefnu fyrir sveitarfélagið.

Nefndin tekur jákvætt í hugmyndina og vísar henni til stýrihóps um skólastefnu í Reykhólahreppi.

14. Sumarlokun leikskólans Hólabæjar, tilkynning frá skólastjóra leikskólans Hólabæjar. Sumarlokun verður frá og með 4. júlí til og með 15. ágúst.

Lagt fram.

Fundargerð lesin, fundi slitið 16:45
